

AUGLÝSING

122

11. des.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMPYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

3. mgr. 48. gr. hljóði svo: Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerða samkv. þeim og lögreglusamþykkt bæjarins, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina og afhendir eiganda á hans kostnað 2 merki með áletruðu S. I. og tölumerki og skal festa annað framan á en hitt aftan á bifreiðina eftir nánari fyrirsögn lögreglustjóra og má ekki taka þau af bifreiðinni eða hylja á nokkurn hátt meðan hún er notuð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1935.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

123

12. des.

um gjald til Fiskimálasjóðs.

Samkvæmt lögum um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., úgefnum í dag, hefir ráðuneytið ákveðið, að gjald í Fiskimálasjóð samkvæmt 4. gr. téðra laga skuli fyrst um sinn vera $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti þargreindra fiskafurða miðað við fob-verð, en jafnframt fellur niður 6% gjald af þeim til Markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Gjaldið ber að greiða innheimtumönnum rikissjóðs ásamt útflutningsgjaldi afurðanna.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. des. 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.